

## **Fundur skólaráðs Hofsstaðaskóla mánudaginn 21. september kl. 14.50**

Fundinn sátu: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Ásta Kristjánsdóttir og Ölrún Marðardóttir fulltrúar kennara, Rósa Lára Guðlaugsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Guðrún Birna Finnsdóttir og Sigrún Snaðal Logadóttir fulltrúar foreldra, Inga Lísa Sólonsdóttir fulltrúi grenndarsamfélags og Hafdíð Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri. Jón Gunnar Hannesson og Guðrún Lóa Sverrisdóttir fulltrúar nemenda.

### **1. Starfsáætlun.**

Hafdíð Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri kynnti starfsáætlun skólans, en hún er unnin samkvæmt forskrift almenna hluta aðalnámskrár 2011. Í starfsáætlun koma fram ýmsar upplýsingar um hagnýt atriði í starfi skólans skólaárið 2011-2012. Starfsáætlunin er aðgengileg til lestrar og prentunar á vefsíðu skólans. Starfsáætlun er kynnt deildarstjóra skóladeildar, skólanefnd, skólaráði og starfsmönnum skólans.

### **2. Skólabyrjun.**

Skólastarfið fer vel af stað. Nemendur í skólanum í veturnu eru 441. Samtenging Hofanna tókst vel og eru aðstæður þar til kennslu nú mjög góðar.

### **3. SAFT.**

Lagt fram bréf frá SAFT um myndbirtingu á Internetinu. Foreldrafélagið tekur málið til umræðu á fundi sínum.

### **4. Önnur mál.**

- a. Skólinn óskar eftir að foreldrafélagið gefi skólanum orðabækur þetta árið í stað ræðupúlts. Kennrar skólans vinna nú að þróunarverkefninu Orð af orði sem kallar á aukna notkun á orðabókum.
- b. Fulltrúi foreldra bendir á að það vantar betri lýsingu á skólalóðina t.d. við kastalann.
- c. Rætt var um skemmdir sem eiga sér stað á reiðhjólum á hverju hausti og vori. Brýnt er að foreldrar ræði þessi mál við börn sín. Því var velt upp hvort ekki væri hægt að kaupa fleiri hjólagrindur, setja upp fleiri myndavélar og bæta lýsingu.
- d. Fulltrúar foreldra fagna því að málaðir hafa verið leikir á skólalóðina.
- e. Fulltrúar foreldra lýstu ánægju sinni með árangur skólans í NKG.

Fundi slitið kl. 15.50.

*Margrét Harðardóttir skólastjóri.*